

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag fyrir lögbylið Lómsstaði úr landi Hamarsholts.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir allt að 300 m² íbúðarhúsi með bílskúr og allt að 500 m² hesthúsi og reiðskemmu og/eða vélageymslu. Hámarkshæð íbúðarhússins er 7,5 m en hámarkshæð útihússins er 5,5 m. Þakhalli má vera á bilinu 14-30° á báðum húsum.

Samþykkt í sveitarstjórn 1. nóvember 2011.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 21. maí 2012.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 7. júní 2012